

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 83/2010

frá 2. júlí 2010

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEDANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2010 frá 11. júní 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 105/2010 frá 5. febrúar 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotæfni í matvælum að því er varðar okratoxín A ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 165/2010 frá 26. febrúar 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotæfni í matvælum að því er varðar aflatoxín ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 54zzzz (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „– **32010 R 0105:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 105/2010 frá 5. febrúar 2010 (Stjtið. ESB L 35, 6.2.2010, bls. 7),
- **32010 R 0165:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 165/2010 frá 26. febrúar 2010 (Stjtið. ESB L 50, 27.2.2010, bls. 8).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 105/2010 og 165/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 244, 16.9.2010, bls. 6, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 49, 16.9.2010, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 35, 6.2.2010, bls. 7.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 50, 27.2.2010, bls. 8.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. júlí 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. júlí 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.